

14. nóvember 2014

Nefndarsvið Alþingis.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Umsögn og athugasemdir FÁR, Félags áfengis- og vímuefnaráðgjafa við frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 17. mál.

<http://www.althingi.is/altext/144/s/0017.html> .

Samfélagsleg áhrif:

Það hlýtur að vera til umhugsunar fyrir nefndina að engin heilstæð stefna í áfengismálum liggja fyrir.

Þrátt fyrir það er þingið að hringla í einstaka reglum og reglugerðum að því er virðist algjörlega tilviljanakennt.

Við óskum eftir heilstæðri stefnu með skýrum markmiðum sem brotin eru niður þannig að hægt sé að skilja hvert við stefnum í áfengismálum, þ.m.t. hvernig við hyggjumst takast á við afleiðingar breyttra verslunarháttá með áfengi verði frumvarpið að veruleika.

Á undanförnum áratugum hefur dregið gríðarlega úr framlögum til meðferðar og forvarna. Það er mikil samfélagsleg viðhorfsbreyting ef frumvarp þetta verður samþykkt með tilheyrandi breytingum á neyslu og neysluvenjum. Allir sem til þekkja vita að það verður aukning á heildarneyslu með tilheyrandi skaða. Það er stutt bæði rannsóknum og reynslu.

Heildarneysla áfengis á Íslandi er nú þegar komin að hættumörkum samkvæmt WHO og ljós að með þessu förum við yfir þau mörk. Margar þjóðir eru að setja sér markmið til að reyna að draga úr drykkju og heildarneyslu og með því að draga úr því tjóni sem neyslan veldur.

Við söknum þess að í frumvarpinu og áfengisstefnunni í heild er hvergi gert ráð fyrir þeim aukna þunga sem fyrirséð er að leggjast muni á meðferðar- og heilbrigðisstofnanir samfélagsins, verði frumvarpið að veruleika. Þvert á móti virðist þróun síðustu ára benda til að frekar eigi að draga úr framlögum til meðferðar og forvarna.

Um aldir hafa allir siðlegir menn gert sér ljóst að kynning, dreifing og sala vímuefna hlyti að lúta öðrum lögmálum en verslun með almennan neysluvarning. Allir sem þekkingu hafa á áfengismálum vita að þó að við höfum gefið okkur leyfi til að nota áfengi eitt allra vímuefna gilda engu að síður sömu lögmál um áfengi og önnur vímuefni. Um þetta hefur verið sátt í okkar þjóðfélagi. Menn hefur því greint á um leiðir frekar en markmið. Það er af þeim sökum líklegt að þeir séu ekki margir sem stuðla vilja að því að áfengi megi selja og veita hvar sem er, hvenær sem er og hverjum sem er og auka þannig neysluna. Þetta sést ef til vill skýrast í óljósri lagasetningu um bann við áfengisauglýsingum og þeim reglum sem eru um sölu og dreifingu áfengis. Engum siðlega þenkjandi manni sem kom að þeirri lagasetningu datt í hug að setja þyrfti sérstaklega nákvæm og yfirgripsmikil lög sem tækju til allra mögulegra aðstæðna eða atvika. Það er greinilegt að þeir sem komu að þessari lagasetningu ætluðu hagsmunaaðilum ákveðið siðferði. En annað er nú komið á daginn. Framleiðendur og söluaðilar áfengis leita allra leiða til að fara framhjá lögnum og hafa þannig gert lítið úr

lögjafanum. Það er ekkert sem bendir til annars en að slíkur hráskinnaleikur haldi áfram og því fyrirséð að söluaðilar áfengis hugsi meira um markaðsetningu og gróða en almannaheill og heilbrigði.

Samandregnar athugasemdir:

Vísindasamfélagið (fræðasamfélag félagsvísinda og heilbrigðisvísinda) hefur haft kenningar sem bæði eru studdar rannsóknum og reynslu sem sýna á órækann hátt að aukið framboð leiðir til aukinnar neyslu. Einnig að aukin neysla veldur afleiðingum sem falla á kostnaðarsaman hátt á samfélagið, sjúkrastofnanir og fangelsi. Engar rannsóknir finnast sem hrekja þetta.

Hjalti Björnsson, formaður FÁR.